

Til skiptis hjá foreldrum, er það sniðugt? Líðan og aðlögun unglunga eftir fjölskyldugerðum.

Benedikt Jóhannsson, sérfræðingur í klínískri sálfræði.

Þjónustumiðstöð Miðborgar, og Hlíða og Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

Megin markmið þessarar könnunar er að varpa ljósi á hvernig líðan og aðlögun unglunga á Íslandi tengist því við hvaða fjölskyldugerðir þeir búa. Í árlegri könnun Rannsóknna og greiningar á öllum unglungum á landinu í 8. til 10. bekk var sett inn ný spurning um hjá hverjum unglungarnir búa, þar sem í fyrsta sinn er spurt um hverjir búa til skiptis hjá foreldrum sínum, en það fyrirkomulag viðist fara vaxandi. Könnunin var lögð fyrir í febrúar 2010. Alls svöruðu 10840 unglingar og var svarhlutfall í 8. bekk 83,9%, en 85,6% í 9. og 10. bekk. Alls reyndust 69% unglungana búa hjá báðum foreldrum á sama heimili. 5,2% bjuggu til skiptis hjá foreldrum sínum, 6,6% í 8. bekk og 3,7% í 10 bekk. Eftirfarandi þættir voru tengdir fjölskyldugerðum: Líðan unglunganna, samskipti þeirra við foreldra, vini og kennara, og notkun þeirra á áfengi og kannabisefnum. Fram kom tölfræðilega marktækur munur við 0,0001 mörkin milli fjölskyldugerða varðandi alla þessa þætti, með fylgnitölu frá 0,08 (hafnað af vinum) til 0,20 (borða kvöldmat með foreldrum og rífast alvarlega við foreldra). Í öllum tilvikum reyndust unglingar sem búa hjá báðum foreldrum á sama heimili best aðlagðir og yfirleitt reyndust unglingar sem búa til skiptis há foreldrum sínum betur aðlagðir en aðrir unglingar eftir skilnað. Þeir unglingar sem ekki bjuggu hjá foreldrum sínum reyndust að jafnaði verst aðlagðir.

Efnisorð: Fjölskyldugerðir, skilnaður, skipt búseta, líðan og aðlögun unglunga.

Árlega upplifa um 1200 íslensk börn skilnað foreldra sinna (Hagstofan 2011).

Skilnaður foreldra vekur eðlilega áhyggjur um velferð barna þeirra, þar sem unglingar og börn eru háð umönnun og leiðsögn foreldra sinna, en skilnaðurinn rýrir augljóslega möguleika beggja foreldra til að vera daglegir þátttakendur í lífi barna sinna. Rannsóknir hafa einnig sýnt að skilnaður foreldra hefur áhrif á líðan og aðlögun barna þeirra, einkum ef samstarf foreldranna varðandi börnin er lítið eða erfitt eftir skilnaðinn. Í kjölfar skilnaðar foreldra hefur þannig orðið vart við aukna depurð, hegðunarvanda og notkun áfengis og vímuefna hjá börnum og unglungum. (Benedikt 2004).

Greinarhöfundur átti þátt í könnun á líðan og aðlögun barna á miðstigi eftir fjölskyldugerðum, sem framkvæmd var árið 2003 af Rannsóknnum og greiningu á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Niðurstöður voru í stuttu máli þær að tölfræðilega marktækur munur var á líðan og aðlögun barn eftir fjölskyldugerðum. Börn sem bjuggu hjá báðum foreldrum voru best aðlöguð og börn sem bjuggu hjá móður sinni eftir skilnað voru einnig yfirleitt álíka vel aðlöguð. Börn sem bjuggu hjá einstæðum föður virtust hins vegar vera í fremur viðkvæmri stöðu. Þau tjáðu verri líðan en önnur börn, voru oftast skilin útundan og strítt af félögum, og lýstu minni samveru með fjölskyldu. Andstætt goðsögninni um hina vondu stjúpu virtist stjúpmóðir við hlið föður hafa talsvert verndandi áhrif á líðan og aðlögun barnanna. (Benedikt 2006)

Áður fyrr hurfu feður oft mikið til úr lífi barnanna eftir skilnað, meðan móðirin stóð að mikli leyti ein eftir með börnin. Þróunin hefur þó orðið sú að feður eru orðnir virkari þátttakendur í lífi barnanna en áður og sameiginlegt forræði beggja foreldra yfir börnunum er nú orðið ríkjandi fyrirkomulag eftir skilnað, en árið 2009 bjuggu 89% íslenskra barna við það fyrirkomulag eftir skilnað foreldra sinna (Hagstofan 2011).

Á seinni árum hefur einnig færst í vöxt að börn búi til skiptis hjá foreldrum sínum eftir skilnað, álíka mikið eða jafnt hjá báðum foreldrum. Þetta fyrirkomulag hefur verið umdeilt og vantað hefur áreiðanlegar upplýsingar um velferð íslenskra barna og unglunga sem búa við skita búsetu miðað við önnur börn. Höfuð tilgangur þessarar könnunar er að draga fram þennan hóp á unglingastigi, sjá hve fyrirkomulagið er algengt og hvernig þessir unglingar eru aðlagðir miðað við unglunga sem búa við aðrar fjölskyldugerðir.

Árið 2006 var þó gerð könnun við Háskólann á Akureyri í 6. 8. og 10. bekk á öllu landinu þar sem spurt var um jafnskipta búsetu barna eftir skilnað foreldra. 4,2 %

Þátttakendanna reyndust búa við þetta fyrirkomulag. Fram kom að jafnskipt búseta virtist greiða fyrir samskiptum barnanna við báða foreldra sína eftir skilnað og þá einkum fyrir samskiptum við föður. (Ársæll og Þóroddur 2008). Könnun sem gerð var meðal foreldra sem nýlega höfðu skilið árið 2008 sýndi að í 23.5% tilvika dvöldu börnin jafn lengi hjá báðum foreldrum og þá oftast í viku á móti viku, eða í 86% tilvika. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra með jafnar samvistir (88%) taldi börnin sátta við þetta fyrirkomulag. (Sigrún og Jóhanna 2008). Eigindleg rannsókn frá 2009 styður þessar niðurstöður (Sólveig 2009). Erlendar rannsóknir benda einnig til þess að ríkulegar samvistir barna við báða foreldra sína eftir skilnað stuðli að betri aðlögun hjá börnunum og að börn sem búa álfka mikið hjá báðum foreldrum eftir skilnað séu yfirleitt betur aðlöguð en önnur skilnaðarbörn. (Þóroddur og Ársæll 2010, Þóroddur og fl. 2010, Sigrún og Sólveig 2010).

Aðferð

Á vegum Reykjavíkurborgar kom undirritaður því á framfæri við Rannsóknir og greiningu að breyta spurningu um fjölskylduáðstæður unglunga í árlegri könnun þeirra, þannig að fram kemur sá hópur sem býr til skiptis hjá foreldrum sínum. Könnunin var lögð fyrir á vegum Rannsókna og greiningar í febrúar 2010 og var beint til allra unglunga í 8. 9. og 10. bekk á öllu landinu. Alls svöruðu 10.840 unglingar og var svarhlutfall í 8. bekk 83,9%, en 85,6% í 9. og 10. bekk. Að minni beiðni samkeyrði síðan Hrefna Pálsdóttir hjá Rannsóknunum og greiningu svör við nokkrum spurningum úr könnuninni við svör unglunganna um fjölskylduáðstæður. Kann ég henni bestu þakkir fyrir. Báðir vinnustaðir mínir, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Fjölskylduþjónusta kirkjunnar, lögðu mér síðan til tíma til að vinna úr niðurstöðum og setja þær fram, en úrvinnslan var samvinnuverkefni þessara stofnana og var styrkt úr forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður

Lítum fyrst á hvernig unglingarnir dreifast á fjölskyldugerðir. Þeir voru beðnir að velja einn eftirfarandi kosta. 1) Ég bý hjá báðum foreldrum mínum á einu heimili. 2) Ég bý að mestu leyti hjá mömmu minni. 3) Ég bý að mestu leyti hjá pabba mínum. 4) Ég bý til skiptis hjá foreldrum mínum, stundum hjá pabba og stundum hjá mömmu. 5) Ég bý hjá öðru foreldri og sambýlismanni/konu hans/hennar. 6) Ég bý að mestu hjá afa og/eða ömmu. 7) Ég bý við eitthvert annað fyrirkomulag.

Tafla 1: Búseta eftir fjölskyldugerðum

	Báðir foreldrar	Móðir	Faðir	Til skiptis hjá for.	Stjúp-fjölskylda	Afi og/eða amma	Annað	Fjöldi (N)
8. bekkur	70,1 %	14 %	1,7 %	6,6 %	5,8 %	0,7 %	1,1 %	3673
9. bekkur	68,3 %	15,6 %	2,2 %	5,1 %	6,4 %	0,6 %	1,7 %	3641
10. bekkur	68,6 %	14,5 %	2,3 %	3,7 %	8,3 %	0,7 %	1,9 %	3526
Alls	69 %	14,7 %	2,1 %	5,2 %	6,8 %	0,6 %	1,6 %	10840

Í töflu 1 má sjá að í 8. bekk bjuggu um 70% unglungana hjá báðum foreldrum; 68,3 í 9. bekk og 68,6 í 10. bekk. Í 8. bekk bjuggu 6,6% unglungana til skiptis hjá foreldrum sínum, eða 22% skilnaðarbarna, sem er svipað hlutfall og í rannsókn Sigrúnar og Jóhönnu 2008. Hlutfallið fer síðan lækkandi í 5,1% í 9. bekk og 3,7% í 10. bekk um leið og hlutfall þeirra sem búa í stjúp-fjölskyldu fer hækkandi. Skipt búseta er heldur algengari meðal drengja (5,5%) en hjá stúlkum (4,5%). Heldur fleiri drengir (2,6%) en stúlkur (1,5%) búa hjá einstæðum föður. Fleiri stúlkur (8,1%) en drengir (5,5%) búa hins vegar í stjúp-fjölskyldu.

Kannað var hvernig eftirfarandi þættir tengdust fjölskyldugerðum hjá unglíngunum: 1) Líðan. 2) Samskipti við foreldra. 3) Samskipti við vini. 4) Hegðun í skóla, og 5) Neysla áfengis og kannabisefna. Í öllum tilvikum reyndist um tölfræðilega martækan mun að ræða eftir fjölskyldugerðum við 0,0001 mörkin.

Við skulum nú skoða töflur fyrir hvern þessara þátta. Hér birtast aðeins sumar þeirra taflna sem voru samkeyrðar. Þær töflur sem ekki eru sýndar hér áforma ég að birta á vefnum: <http://kirkjan.is/fjolskylduthjonusta/greinar> og á heimasíðu Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða. Í texta hér á eftir vísa ég þó í sumar þeirra taflna sem ekki eru birtar hér. Í töflunum sem ég sýni hér á eftir sleppi ég þeim unglíngum sem segjast búa við annað fyrirkomulag, enda óljóst hvað það stendur fyrir.

Tafla 2: Ég er ánægð(ur) með líf mitt

Lýsir mér:	Báðir foreldrar	Móðir	Faðir	Til skiptis hjá for.	Stjúp-fjölskylda	Afi og/eða amma
Mjög vel	57,9%	43,9%	42,1%	55,1%	45,4%	46,4%
Nokkuð vel	32,8%	39,8%	38,9%	30,9%	37,5%	26,1%
Ekki nógu vel	7,1%	10,9%	13,4%	10,9%	12,9%	11,6%
Alls ekki	2,2%	5,4%	5,6%	3,1%	4,3%	15,9%
Fjöldi (N)	7342	1562	216	543	723	69

Fylgnitala (Contingency Coefficient) : 0,164

Í töflu 2 má sjá að unglíngar sem búa hjá báðum foreldrum lýsa mestri ánægju með líf sitt. Unglíngar sem búa til skiptis hjá foreldrum koma þar næst á eftir og lýsa talsvert meiri ánægju en unglíngar sem búa við aðrar fjölskyldugerðir eftir skilnað. Einkum er áberandi hve hátt hlutfall þeirra sem búa að mestu hjá afa og ömmu eru alls ekki ánægð með lífið, eða 15,9%. Nefna má að nýleg könnun gerð í 36 Evrópulöndum sýnir einnig að meðal skilnaðarbarna en mest ánægja með lífið hjá þeim börnum og unglíngum sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum eftir skilnað (Þóroddur og fleiri 2010).

Í þeirri könnun sem hér er sagt frá var einnig spurt um andlega heilsu og depurð. Voru svör við þeim spurningum mjög svipuð og við spurningunni um ánægju með lífið. Unglíngar sem búa hjá báðum foreldrum sínum lýstu þannig bestri andlegri heilsu, en þeir sem búa til skiptis hjá foreldrum komu þar skammt á eftir. Unglíngar sem búa við skipta búsetu lýstu þannig minnstri depurð eftir skilað. Í þessum hópi sögðust 5,4% oft vera niðurdergin eða döpur, 10,2% þeirra sem búa í stjúp-fjölskyldu, 8,4% þeirra sem búa hjá móður, og 7,9% þeirra sem búa hjá föður.

Tafla 3: Hversu auðvelt væri fyrir þig að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum þínum?

	Báðir foreldrar	Móðir	Faðir	Til skiptis hjá for.	Stjúp-fjölskylda	Afi og/eða amma
Mjög erfitt	1,1%	2,5%	1,8%	3,1%	1,1%	8,5%
Frekar erfitt	2,7%	5,7%	5,9%	2,5%	5,0%	14,1%
Frekar auðvelt	19,4%	28,2%	32,6%	22,1%	25,2%	25,4%
Mjög auðvelt	76,7%	63,6%	59,7%	72,2%	68,7%	52,1%
Fjöldi (N)	7415	1570	221	551	737	71

Fylgnitala: 0,17

Í töflu 3 kemur fram að algengast er að unglingar sem búa hjá báðum foreldrum segjast eiga mjög auðvelt með að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum sínum (76,7%). Þeir sem búa til skiptis hjá foreldrum koma þar á eftir (72,2 %), en athyglisvert er að þessi hópur skorar einnig nokkuð hátt miðað við aðra varðandi það að eiga mjög erfitt við að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum sínum (3,1%). Ef hins vegar taldir eru saman þeir sem segjast eiga mjög erfitt og frekar erfitt með að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum sínum koma þeir sem búa til skiptis hjá foreldrum heldur betur út (5,6%) en aðrir unglingar eftir skilnað: Hjá móður: 8,2%, hjá föður: 7,7%, og stjúpfjölskylda: 6,1%.

Tafla 4: Hve oft í viku borðar þú kvöldmat með foreldrum þínum?

	Báðir foreldrar	Móðir	Faðir	Til skiptis hjá for.	Stjúp-fjölskylda	Afi og/eða amma
Daglega	60,2%	44,0%	47,3%	53,3%	48,0%	31,0%
4-6 sinnum	30,2%	36,0%	34,5%	32,4%	34,4%	31,0%
2-3 sinnum	7,4%	15,0%	14,1%	10,3%	12,0%	14,1%
Einu sinni	1,0%	1,6%	1,8%	1,3%	2,5%	7,0%
Sjaldan/nær aldrei	1,2%	3,4%	2,3%	2,7%	3,1%	16,9%
Fjöldi (N)	7409	1585	220	553	732	71

Fylgnitala: 0,20

Samvera unglinga með foreldrum sínum er grunnur þess að foreldrarnir geti sinnt uppeldishlutverki sínu sem skyldi. Það að matast með fjölskyldunni er meðal annars snertipunktur milli fjölskyldumeðlima sem felur í sér að líta má á slíka samveru og matmálstíma sem einn af hornsteinum fjölskyldulífsins.

Í töflu 4 má sjá að unglingar sem búa hjá báðum foreldrum borða oftast kvöldmat með foreldrum sínum. Þeir sem búa til skiptis hjá foreldrum koma þar næst á eftir og borða oftast kvöldmat með foreldrum en aðrir unglingar eftir skilnað. Svipað munstur kom fram þegar spurt var hvort unglिंगarnir hefðu rifist alvarlega við foreldra sína. Tæp 70% unglinga sem búa hjá báðum foreldrum og 56% unglinga sem búa til skiptis hjá foreldrum sögðust ekki hafa rifist alvarlega við foreldra sína. Alvarleg rifirldi milli unglinga og foreldra eru síðan talsvert algengari í öðrum fjölskyldugerðum. Eftirlit með félagsskap unglinganna á kvöldin er einnig best ef þeir búa hjá báðum foreldrum (mjög gott: 37,7%), en lítil munur er síðan milli annarra fjölskyldugerða, nema að eftirlit af hálfu foreldra með félagsskap er áberandi minnst hjá unglingum sem búa hjá einstæðum föður (mjög gott: aðeins 18%). Þetta eru svipaðar niðurstöður varðandi eftirlit foreldra og í rannsókn Háskólans á Akureyri (Þóroddur og Ársæll 2008).

Athyglisvert er að í töflu 4 kemur einnig fram að 31% unglinga sem búa hjá afa sínum og/eða ömmu segjast borða kvöldmat með foreldrum sínum daglega og sama hlutfall 4 til 6 sinnum í viku. Þetta getur bent til þess að oft búi í það minnsta annað foreldri þessara unglinga einnig á heimili afans og ömmunnar, eða sé þar tíður gestur. Einnig getur verið að þessir unglingar telji afa og ömmu uppeldisforeldra og eigi því við þau fremur en lífforeldra.

Tafla 5: Hefur þér verið hafnað af vinum eða vinkonum síðastliðna 30 daga?

	Báðir foreldrar	Móðir	Faðir	Til skiptis hjá for.	Stjúp-fjölskylda	Afi og/eða amma
Ekki merkt við	92,9%	89,9%	92,5%	88,8%	87,9%	79,2%
Merkt við	7,1%	10,1%	7,5%	11,2%	12,1%	20,8%
Fjöldi (N)	7503	1603	227	562	742	72

Fylgnitala: 0,08

Samskipti við vini eru stálpuðum börnum og unglingum mjög mikilvæg og íslensk könnun á börnum á miðstigi hefur m.a. sýnt fram á sterk tengsl milli vanlíðunar og erfiðleika í samskiptum við félag (Benedikt 2006). Í umræðum um skipta búsetu barna eftir skilnað hefur oft verið bent á að skipt búseta geti virkað tálmandi á samskipti við félag, einkum ef langt er á milli heimilanna. Slík áhrif komu þó ekki í ljós í rannsókn Háskólans á Akureyri (Þóroddur og Ársæll 2008). Í töflu 5 er spurt um höfnun af hálfu vina síðastliðna 30 daga. Sjá má að þeir unglingar sem búa hjá báðum foreldrum eða hjá föður sínum hafa síst orðið fyrir höfnun félaga og að þeir sem búa til skiptis hjá foreldrum skera sig ekki frá þeim sem búa hjá móður eða í stjúp-fjölskyldu. Hins vegar lýsa þeir unglingar sem búa hjá afa og/eða ömmu oftast höfnun af hálfu félaga.

Tafla 6: Mér semur vel við kennarana:

Á við um mig:	Báðir foreldrar	Móðir	Faðir	Til skiptis hjá for.	Stjúp-fjölskylda	Afi og/eða amma
Nær alltaf	37,1%	27,6%	31,8%	32,7%	30,8%	27,9%
Oft	37,7%	37,3%	38,6%	37,8%	35,8%	26,5%
Stundum	17,7%	23,5%	19,1%	18,7%	22,6%	25,5%
Sjaldan	4,8%	7,7%	6,8%	6,0%	6,9%	5,9 %
Nær aldrei	2,7%	4,0%	3,6%	4,7%	3,8%	14,7%
Fjöldi (N)	7363	1568	220	550	734	68

Fylgnitala: 0,13

Rannsóknir hafa sýnt að í kjölfar skilnaðar eykst tíðni hegðunarvanda hjá börnum og unglingum (Benedikt 2004). Viðeigandi er því að skoða hve vel unglingum semur við kennara sína eftir fjölskyldugerðum, eins og gert er í töflu 6. Fram kemur að unglingum sem búa hjá báðum foreldrum semur að jafnaði best við kennarana. Þeir unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum eða hjá einstæðum föður koma næst á eftir, en unglingum sem búa hjá afa og/eða ömmu semur síst við kennarana.

Tafla 7: Hve oft hefur þú orðið drukkin(n) um ævina?

	Báðir foreldrar	Móðir	Faðir	Til skiptis hjá for.	Stjúp-fjölskylda	Afi og/eða amma
Aldrei	85,3%	74,0%	72,2%	79,5%	67,8%	61,4%
1-2 sinnum	7,3%	11,6%	13,0%	9,2%	13,9%	11,4%
3-5 sinnum	2,7%	4,5%	8,3%	3,5%	6,1%	7,1%
6-9 sinnum	1,6%	3,0%	1,9%	1,1%	3,8%	4,3%
10-19 sinnum	1,4%	2,9%	1,4%	2,6%	4,4%	4,3%
20-39 sinnum	0,7%	1,7%	0,5%	1,8%	2,5%	4,3%
40 sinnum eða oftar	0,9%	2,2 %	2,8%	2,4%	1,5%	7,1%
Fjöldi (N)	7341	1575	216	546	732	70

Fylgnitala: 0,19

Eitt helsta áhyggjuefni foreldra unglunga er að unglungarnir leiðist út í óreglu með áfengi og önnur vímuefni. Í töflu 7 kemur fram að algengast er að unglingar sem búa hjá báðum foreldrum sínum segist aldrei hafa orðið drukknir, en unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum koma næst þar á eftir. Unglingar sem búa hjá afa og/eða ömmu lýsa tíðastri drykkju. Unglingar sem búa hjá báðum foreldrum lýsa einnig minnstri neyslu á hassi eða marijúana, en unglingar sem búa hjá afa og eða ömmu mestri neyslu. Neysla á þessum efnum meðal unglunga sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum er svipuð og hjá þeim sem búa í stjúp-fjölskyldu, en ívið minni en hjá unglungum sem búa hjá einstæðum foreldrum.

Ályktanir

Fram kemur í þessari könnun að líðan og aðlögun unglunga á Íslandi tengist fjölskyldugerð með marktækum hætti. Fylgnitala var þó ekki há, eða á bilinu 0.08 (hafnað af vinum) til .20 (borða kvöldmat með foreldrum, rífast alvarlega við foreldra).

Áberandi er að þeim unglungum sem búa hjá báðum foreldrum líður að jafnaði best og eru best aðlagðir. Athyglisvert er að hið nokkuð umdeilda fyrirkomulag að börn og unglingar búi til skiptis hjá foreldrum sínum, kemur að jafnaði betur út í þessari könnun en annað fyrirkomulag á búsetu unglunga eftir skilnað. Þetta fyrirkomulag greiðir fyrir samvistum við báða foreldra þrátt fyrir skilnaðinn og unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum lýsa talsvert betri líðan og meiri ánægju með lífið en aðrir unglingar eftir skilnað. Þó kemur fram vísbending um að skipt búseta geti virkað eitthvað hamlandi varðandi samskipti við vini og gæti það átt við í þeim tilvikum þegar langt er á milli heimila foreldranna.

Ólíkt könnun á börnum á miðstigi (Benedikt 2006) koma unglingar sem búa að mestu leyti hjá einstæðum föður yfirleitt ekki verr út í þessari könnun en unglingar sem búa að mestu leyti hjá einstæðum mæðrum eftir skilnað, þó með þeirri undantekningu að unglingar sem búa að mestu hjá föður lýsa heldur verri líðan og mun minni eftirfylgd foreldra. Þeir unglingar sem búa að mestu hjá einstæðri móður segjast hins vegar eiga heldur erfiðara með að fá hlýju frá foreldrum sínum, en þeir sem búa hjá einstæðum föður.

Þeir unglingar sem búa í stjúp-fjölskyldu virðast almennt vera álíka vel aðlagðir og þeir sem búa hjá einstæðum foreldrum. Þeir unglingar sem ekki búa hjá foreldrum sínum virðast í sérlega viðkvæmri stöðu, sem undirstrikar mikilvægi foreldra fyrir unglunga. Unglingar sem búa hjá afa sínum og ömmu koma þannig yfirleitt verr út en þeir sem búa hjá öðru eða báðum foreldrum. Líðan þeirra er almennt verri, þeir haga sér verr í skóla, nota meira áfengi og er áberandi oftar hafnað af vinum. Svipað á við um unglunga sem búa við

óskilgreint “annað fyrirkomulag”, en sá hópur er óskilgreindur og fámennur að ég sýndi því ekki niðurstöður varðandi hann í töflunum hér að ofan.

Könnunin sýnir einnig að skipt búseta er orðin nokkuð algengt fyrirkomulag meðal unglunga eftir skilnað foreldra, einkum í 8. bekk (22% af skilnaðarbörnum), en tíðnin fer minnkandi eftir það. Eftir sem áður er þó algengast að unglingar búi að mestu leyti hjá móður sinni eftir skilnað, eða í um helmingi tilvika. Árið 2006 mældist tíðni skiptrar búsetu í 6. 8. og 10. bekk á öllu landinu 4,2% (Ársæll og Þóroddur 2008). Í þeirri könnun sem hér er kynnt og gerð var 2010, mælist tíðni skiptrar búsetu í 8. til 10. bekk hins vegar í heildina tekið 5,2%. Því má álykta að tíðni þessa fyrirkomulags á búsetu unglunga eftir skilnað fari vaxandi og því er mikilvægt að þekkja kosti þess og galla. Fróðlegt verður að sjá hver þróunin verður á þessu sviði næstu árin.

Áréttað skal að þessi könnun tekur aðeins til unglunga í 8. til 10. bekk og því varasamt að álykta út frá þessum niðurstöðum um aðra aldursflokka, einkum yngri börn. Rannsaka þarf sérstaklega áhrif fjölskyldugerða á líðan og aðlögun yngri barna og á þetta ekki síst við um kosti og galla skiptrar búsetu á fyrir yngstu börnin.

Family arrangements and wellbeing and adaptation of teenagers

The wellbeing and adaption of Icelandic teenagers in grades 8 to 10 (13 to 15 year old) were compared across different family arrangements. Special focus was on those teenagers who lived in joint physical custody and 5,2% of the teenagers lived in that arrangement. In 8th grade the ratio was 6,6% which is 22% of all the teenagers that did not live with both parents in the same home. Those teenagers that lived with both their parents in the same home were most content and best adjusted. However those who lived in joint physical custody were generally more content and better adjusted than other teenagers after their parents divorce.

Keywords: Family arrangements, divorce, joint physical custody, adaptation of teenagers.

Benedikt Jóhannsson is a specialist in clinical psychology and works for the psychological school service in Reykjavík and for the family service provided by the Icelandic church.

Heimildir

Ársæll Már Arnarson og Þóroddur Bjarnason: Jafnt til skiptis. Í Gunnar og fl. ritstj. Rannsóknir í félagsvísindum IX Fél.vís.st. HÍ 2008.

Benedikt Jóhannsson: Börn og skilnaður. Skálholtsútgáfan 2004

Benedikt Jóhannsson: Börn og Fjölskylduaðstæður 2006 Sjá <http://kirkjan.is/fjolskylduthjonusta/greinar>

Hagstofan 2011: <http://hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir>

Sólveig Sigurðardóttir: Jöfn búseta hjá báðum eftir skilnað. MA ritgerð í Félagsráðgjöf 2009. Skemman.is

Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir: Skilnaður og jöfn búseta barna. Grein í Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félagsvísindastofnum Háskóla Íslands 2010.

Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna R. Arnardóttir: Sameiginleg forsjá. Tímarit lögfræðinga. Des. 2008.

Þóroddur Bjarnason og Ársæll Már Arnarson: Jafnt hjá báðum? Fyrirlestur á málþingi í Háskólanum á Akureyri 6. júní 2008.

Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarson: Joint Physical Custody and Communication with Parents. A Cross-National Study of Children in 36 Western Countries. Háskólinn á Akureyri, í handriti 2010.

Throddur Bjarnason og fl. : Life Satisfaction Among Children in Different Family Structures. A Comparative Study of 36 Western Societies. Children and Society 2010.